

Borgarstjórn

1. september 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um stuðning við atvinnu- og nýsköpun á grundvelli samvinnufélaga

Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti til ríkisins um samvinnu til stuðnings atvinnusköpunar. Verkefnið byggi á því að styðja við nýsköpunarmöguleika þeirra borgarbúa sem eru á atvinnuleysisbótum hjá Vinnumálastofnun. Verkefnið verði hugsað sem stuðningur við þau sem hafa áhuga á að hefja rekstur á grundvelli samvinnufélaga. Markmið verkefnisins byggi á því að þau sem eru atvinnulaus skapi sjálf störf, byggð á þeirra áhugasviði og út frá því sem þau telja þörf á í samfélaginu. Þar gefst þeim tækifæri á að koma fram með nýjar hugmyndir og móta starfsumhverfi sitt í samvinnu við aðra, í stað þess að eingöngu sé hvatt til atvinnuþátttöku innan núverandi fyrirtækja og starfa sem eru til staðar. Vegna atvinnuleysis í kjölfar kórónuveirufaraldursins er nauðsynlegt að skapa störf og lagt er til að þau sem eru án atvinnu og treysta sér til atvinnuþátttöku, verði boðið að skapa sér sín eigin störf á grundvelli samvinnufélaga.

Útfærslan byggi á því að tveir eða fleiri þurfi að vera með áætlun um einhverskonar rekstur. Hér er rétt að taka fram heimild ráðherra sem er til staðar í lögum um samvinnufélög, til að heimila frávik frá lágmarksfjölda stofnenda samvinnufélags. Verkefnið byggi á því að einstaklingar haldi rétti til atvinnuleysisbóta á meðan á verkefninu standi, í allt að tólf mánuði og stuðningur stjórnvalda felist í stuðningi við að koma rekstrinum á koppinn. Lagt er til að í viðræðum við ríkið um slíkt samvinnuverkefni komi Reykjavíkurborg með 20% stofnstyrk í formi fjármagns eða aðstöðu til rekstursins og að lagt verði af stað með að verkefnið nái til 200 einstaklinga. Þessir þættir eru þó umsemjanlegir. Sviðstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs verði falið að leiða viðræðurnar við ríkið og leita til videigandi aðila úr borgarkerfinu eftir atvikum. Niðurstöður verði síðan lagðar fyrir borgarráð.

Greinargerð:

Samfélagið gengur nú í gegnum miklar breytingar í kjölfar kórónuveirufaraldursins og mörg í samfélaginu búa nú við atvinnuleysi vegna efnahagslegra afleiðinga veirunnar. Kallað hefur verið eftir fjölgun starfa og leiðum sem styðja við launafólk og þeirra sem eru án atvinnu. Atvinnuleysi eftir ríkisfangi er áberandi hér á landi en samkvæmt nýjustu tölum Vinnumálastofnunnar frá því í júlímánuði er almennt atvinnuleysi á íslenskum atvinnumarkaði alls 7,9% en atvinnuleysi á meðal erlendra ríkisborgara er 19,2%. Leiðir til að mæta þeim sem eru án atvinnu þurfa að miða að þörfum þeirra sem eiga í hlut.

Fjölbreyttar leiðir til að bregðast við þeirri stöðu sem nú blasir við okkur á sviði atvinnumála, er nauðsynlegt viðbragð. Samvinnufélagsformið hefur víða verið notað til atvinnusköpunar en þar gefst meðlimum frekar færi á að koma skoðunum sínum á framfæri við mótun starfseminnar, andstætt því sem á sér stað í einkafyrirtækjum. Þar gefst fólki færi á að skapa eitthvað saman og hugmyndir þeirra geta orðið að veruleika. Þannig má tryggja að einstaklingurinn sé að leggja stund á eitthvað sem vekji áhuga viðkomandi og fær að koma að því frá byrjun.

Sem dæmi gæti komið úr slíkum samvinnuverkefnum verslun sem framleiðir sápu úr náttúrulegum efnum, uppsetning á vef varðandi málefni atvinnulausra eða matarstaðir sem selja fjölbreyttan mat sem höfða til ólíkra hópa fólks.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg leitist við að koma að slíku verkefni með ríkinu, til stuðnings atvinnu- og nýsköpunar. Fjárfesting í fólki sem hefur góðar hugmyndir og áhuga á að skapa sér störf, er öllum til hagsbóta og á sér svipaðar fyrirmyndir hér á landi (sjá tilraunaverkefni Rannsóknarseturs verslunarinnar í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og

Vinnumálastofnun sem var kynnt árið 2012) jafnt sem erlendis (sjá t.d. verkefni frá Ítalíu: Invitalia's Entrepreneurship Support for the Unemployed).

Frumkvæði, kallast nýlegt úrræði innan Vinnumálastofnunar og er unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og miðar að því að styðja við fólk í atvinnuleit við að búa sér til eigin störf. Hér í umræddri tillögu Sósíalístaflokks Íslands er lögð áhersla á samvinnuþáttinn í því að leiða fólk saman í því að vinna að nýjum hugmyndum. Þá fellur tillagan einnig vel að markvissum vinnumarkaðsaðgerðum sem kynntar voru í borgarráði sem fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19.